

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík



Reykjavík, 16. ágúst 2019  
Tilvísun: 2019070133  
SE/  
Tilv. ykkar:

## **Efni: Umsögn um stjórnslukæru vegna framsals veghalds Ófeigsfjarðarvegur.**

Með bréfi dagsettu 31. júlí sl. tilkynnir ráðuneytið að borist hafi stjórnslukæra Guðmundar Hrafnar Arngrímssonar, kt. 010573-4409, f.h. landeigenda á Seljanesi við Ingólfsfjörð, þar sem kærð er ákvörðun Vegagerðarinnar frá 24. júní sl. um veghald á Ófeigsfjarðarvegi. Er þess farið á leit að Vegagerðin geri grein fyrir athugasemdum sínum við kærana og sendi ráðuneytinu rafrænt öll gögn málsins eigi síðar en 21. ágúst. Með tölvubréfi 12. ágúst sl. tilkynnir ráðuneytið að borist hafi krafa um frestun réttaráhrifa ákvörðunar og gefinn frestur til 16. ágúst að bregðast við henni.

### **Um stöðu Ófeigsfjarðarvegur (F649).**

Með samningi dagsettu 19. júní sl. heimilaði Vegagerðin að Vesturverk ehf. tæki tímabundið yfir veghald Ófeigsfjarðarvegur að Hvalá í Ófeigsfirði. Veghald vegarins var framselt með stoð í 2. mgr. 14. gr. vegalaga nr. 80/2007 eins og fram kemur í hinni kærðu ákvörðun. Ófeigsfjarðarvegur (F649) liggur á kafla um land Seljaness á þeim hluta vegarins sem lagður er frá Eyri í Ingólfsfirði og áleiðis í Ófeigsfjörð.

Svo sem fram kemur í meðfylgjandi gögnum telst Ófeigsfjarðarvegur (F649) til landsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 frá Eyri í Ingólfsfirði að Hvalá í Ófeigsfirði. Fram til ársins 2003 endaði Ófeigsfjarðarvegur við Eyri í Ingólfsfirði. Ákvörðun um að framlengja veginn sem landsveg að Hvalá var staðfest með bréfi samgönguráðherra þann 16. maí 2003, sjá fskj. 1. Í meðfylgjandi gögnum er gerð nánari grein fyrir aðdraganda þeirrar ákvörðunar. Vegurinn hafði þá verið opin almennri umferð og veghald hans kostað af almannafé. Á þeim tíma sem hann er gerður að landsvegi að Hvalá í Ófeigsfirði liggur fyrir að töluverð umferð er um hann að sumarlagi. Síðan þá hefur verið varið fé af fjárveitingum til landsvega á samgönguáætlun til viðhalds vegarins.

Umræddur vegur er talinn upphaflega hafa verið lagður í Ófeigsfjörð að Hvalá um árið 1975 í tengslum við rannsóknir og mælingar. Frá árslokum 1979 er sýsluvegur skv. 19. gr. þágildandi vegalaga nr. 6/1977 talinn liggja um jörðina Seljanes og í Ófeigsfjörð, sjá Samþykkt um sýsluvegasjóð í Strandasýslu nr. 476/1979, en sýsluvegir töldust til opinberra vega skv. 2. gr. laganna. Við gildistöku vegalaga nr. 45/1994 var Ófeigsfjarðarvegur (649) skilgreindur sem þjóðvegur frá Strandavegi að Eyri við Ingólfsfjörð. Árneshreppur sótti um og fékk styrki frá Vegagerðinni til endurbóta á veginum á grundvelli 16. gr. þágildandi vegalaga nr. 45/1994 og hefur sveitarfélagið því sinnt veghaldi vegarins þar til vegurinn er gerður að landsvegi eins og áður sagði. Um þessa forsögu vísast nánar til meðfylgjandi fskj. 5 – 9. Nánar um aðdraganda

Þess að landsvegurinn er lengdur að Hvalá vísast til greinargerðar Gísla Eiríkssonar, f.v. umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Vestfjörðum, fskj. 14.

### Um kröfu um frestun réttaráhrifa ákvörðunar.

Í hinni kærðu ákvörðun, bréfi dags. 24. júlí sl., áréttar Vegagerðin þá afstöðu sína að Ófeigsfjarðarvegur teljist til þjóðvega og Vegagerðin sem veghaldari þjóðvega fari með veghald vegarins og geti neytt heimilda sem því fylgja samkvæmt vegalögum. Vegagerðin telur ekki unnt að fresta réttaráhrifum sem kunna að stafa af bréfinu enda hvíla að lögum skyldur á Vegagerðinni að sinna veghaldi þeirra vega sem teljast til þjóðvega. Umræddur vegur skuli opinn almenningi til frjálsrar umferðar samkvæmt 1. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 svo sem verið hafi athugasemdalaust um langt skeið. Ekki sé unnt að hindra þá umferð á þeim grunni að kæra hafa komið fram.


Tilfni kærunnar eru framkvæmdir Vesturverks við endurbætur á umræddum vegi í landi Seljaness í eigu kæranda. Vegagerðin leggst fyrir sitt leyti ekki gegn því að ráðuneytið mæli svo fyrir að heimild Vesturverks til framkvæmda í landi Seljaness frestist á meðan á meðferð máls þessa stendur hjá ráðuneytinu. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hefur framkvæmdum í landi Seljaness verið frestað að sinni og unnið annars staðar á veginum á meðan unnið er að lausn málsins. Vegagerðin bendir þó á að gæta verði að hagsmunum Vesturverks ehf. í því sambandi og heimila fyrirtækinu að koma að sínum sjónarmiðum áður en kveðið er á um frestun réttaráhrifa.

Hjálagt fylgja eftirtalin skjöl málsins:

- |       |    |  |
|-------|----|--|
| Fskj. | 1  | Bréf samgönguráðherra dags. 16. maí 2003.  |
|       | 2  | Bréf Vegagerðarinnar dags. 13. maí 2003 og fskj. II og III.                            |
|       | 3  | Útprintun úr vegaskrá, skráning Ófeigsfjarðarvegar.                                    |
|       | 4  | Vegaskrá, leiðarlýsingar.  |
|       | 5  | Samþykkt um sýsluvegasjóð í Strandasýslu nr. 476/1979.                                 |
|       | 6  | Umsókn um styrk dags. 12. júlí 2001 og úthlutun dags. 2. ágúst sama ár.                |
|       | 7  | Umsókn um styrk dags. 8. apríl 2002.   |
|       | 8  | Úthlutun styrks af styrkvegafé 2002 dags. 9. júlí 2002.                                |
|       | 9  | Umsókn um styrk dags. 5. febrúar 2003 og úthlutun dags. 6. maí 2003.                   |
|       | 10 | Skýrsla ráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2006, bls. 32.                          |
|       | 11 | ----- sama -----2007, bls. 33.   |
|       | 12 | ----- sama -----2010, bls. 29.   |
|       | 13 | Skýrsla Vegagerðarinnar um framkvæmd samgönguáætlunar 2011, bls. 29.                   |
|       | 14 | Tillaga um upptöku nýrra landsvega, Gísli Eiríksson, 29. janúar 2003.                  |
|       | 15 | Landsvegir á Vestfjörðum 2003-2004. Fjárveitingar. GE, júlí 2004.                      |
|       | 16 | Tölvupóstskipti Vesturverks og Vegagerðarinnar 29.09.-19.10. 2015.                     |
|       | 17 | Fundargerð yfirstjórnar Vegagerðarinnar 01.02. 2016.                                   |
|       | 18 | Minnispunktur um fund Vegagerðarinnar og Vesturverks 26. febrúar 2016.                 |
|       | 19 | Bréf Vegagerðarinnar til Vesturverks dags. 23. júlí 2019.                              |
|       | 20 | Verklagsregla 04.2.01 Samskipti við landeigendur.                                      |
|       | 21 | Álitsgerð í tilefni af vegagerð í landi Seljaness vegna fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar. |

Vegagerðin mun skila annarri greinargerð í málinu innan tilskilins frests þar sem gerð verður frekari grein fyrir sjónarmiðum Vegagerðarinnar um kæruefnið. Áskilinn er réttur til að koma að frekari gögnum ef tilefni er til.

Virðingarfyllt,



---

Stefán Erlendsson, lögmaður, LL.M

Forstöðumaður lögfræðideildar.

